

Ræða formanns Nýherja á aðalfundi 14.3.2014

Ágætu hluthafar!

Árið 2013 var það lakasta í sögu Nýherja. Samt hef ég sjaldan verið bjartsýnni á reksturinn en einmitt núna. Þetta virðist þversögn því að eðlilegra hefði virst að stjórnarmenn færu með veggjum eftir svo mikið tap. Ástæðan fyrir því að ég geng til ársins 2014 með jákvæðum huga er fyrst og fremst sú að ég tel að tekist hafi að einangra vandamál sem verið hafa í rekstrinum að undanfögnu. Rekstur er auðvitað aldrei búinn og vandinn aldrei leystur í eitt skipti fyrir öll, en með nýrri stefnumótun tel ég að við einbeitum okkur nú að því sem mestu máli skiptir.

Hagnaður var af rekstri félagsins innanlands fyrir afskriftir alla ársfjórðunga. Reyndar hefur verið jákvæð EBIDTA-afkoma af innlenda rekstrinum á hverjum ársfjórðungi frá miðju ári 2009. Vandann undanfarið ár má einkum rekja til dótturfélaganna í Danmörku og Svíþjóð. Ég tel að við höfum nú gripið til raunhæfra aðgerða til þess að grípa þar í taumana og mun víkja að þeim síðar í ræðunni.

Velta minnkaði nokkuð á árinu, einkum vegna samdráttar hjá Applicon í Danmörku. Afkoma var ágæt hjá TM Software, Applicon á Íslandi og móðurfélaginu. Einnig var jákvæð afkoma í dótturfélaginu Dansupport í Danmörku sem selt var í desember síðastliðnum.

Hagvöxtur á Íslandi var góður á árinu 2013, en hann má einkum rekja til aukinnar ferðamennsku. Almenn bjartsýni sem ríkti síðastliðið sumar hefur heldur dofnað. Gjaldeyrishöftin virðast föst í sessi með þeim skaða sem þau valda. Trú erlendra fjárfesta á Íslandi verður aldrei mikil meðan höftin eru eins og lýsandi neon-skilti yfir landinu sem segja: Varúð!, svo vitnað sé til orða fjármálaráðherra. Innlend fyrirtæki búa líka við óþolandi óvissu, sem oft gleymist. Þau hafa haldið að sér höndum við fjárfestingar allt frá hruni og gera enn. Þetta bitnar auðvitað á fyrirtæki eins og Nýherja, sem selur búnað og þjónustu til annarra fyrirtækja.

Stjórn hefur starfaði mikið að innri málefnum félagsins allt árið. Hún hittist á 16 formlegum stjórnarfundum, auk stefnumótunarfundar og uppgjörsfunda dótturfélaga. Þar fyrir utan hittust stjórnarmenn alloft síðastliðið sumar vegna ráðningar nýs forstjóra. Stjórnin hefur sérstaklega tekið öryggismál fyrir og hvernig bregðast skuli við ef upp koma öryggisbrestir í kerfum félagsins.

Auk stjórnar starfar Endurskoðunarnefnd sem hélt 7 fundi á árinu, þar af þrjá án stjórnenda félagsins. Endurskoðunarnefnd fer yfir verklag við endurskoðun, gerir fyrirspurnir um einstaka þætti og fer yfir endurskoðunarskýrslur. Jafnframt fer hún yfir helstu þætti vegna árshlutareikninga og yfirfer drög að fréttatilkynningum vegna þeirra. Ekki hefur þótt ástæða til þess að skipa aðrar fastanefndir.

Sem fyrr segir gekk reksturinn innanlands þokkalega. Góð afkoma varð af TM Software. Rétt er að fjalla sérstaklega um vaxandi sölu á tímaskráningarforritinu Tempo sem skrifað er af TM Software. Forritið er selt á Netinu og hefur verið keypt af stórum sem smáum fyrirtækjum um víða veröld. Forritið hefur vakið mikla athygli á alþjóða-vettvangi og salan stóraukist ár frá ári. Árið 2013 nam hún um 420 milljónum króna sem var 70% aukning frá fyrra ári og búist er við því að hún verði yfir 700 milljónir á yfirstandandi ári. Í lok janúar 2014 var hafin sala á nýju forriti í Tempo-fjölskyldunni og reiknað með að það þriðja komi á markað í 2. ársfjórðungi 2014. Salan hefur farið mjög vel af stað á yfirstandandi ári. Ekkert bendir til annars en vöxturinn í sölu geti numið tugum prósentu áfram næstu árin.

Mikill kostnaður hefur farið í rannsóknar- og þróunarvinnu varðandi þennan hugbúnað. Stjórn hefur fylgt þeirri varúðarreglu að eignfæra ekki slíkan kostnað nema fyrirsjáanlegt sé að tekjur komi á móti. Nú er sýnt að Tempo uppfyllir það skilyrði og hefur verið ákveðið að þróunarkostnaður verði héðan í frá eignfærður samkvæmt ákveðnum reglum sem yfirfarnar verða af endurskoðendum félagsins. Búast má við að eignfærslan á yfirstandandi ári verði milli 150 og 200 milljónir króna.

Rekstur Applicon-félaganna erlendis gekk ekki sem skyldi. Í Danmörku tókst okkur ekki að ná tökum á rekstri Applicon A/S á liðnu ári. Félagið hefur ekki haft þá sérhæfingu sem félögin í Svíþjóð og á Íslandi hafa náð á sviði fjármála og selja hana til viðskiptavina. Yfirbygging

minnkaði ekki nógu hratt samhliða því að ráðgjöfum var fækkað. Engu að síður er góð sérþekking í fyrirtækinu og margt hæfra starfsmanna. Félagið er nú í söluferli, en of snemmt að segja til um lyktir þess.

Applicon A/S var á sínum tíma keypt til þess að styðja við þjónustu við íslensk fyrirtæki erlendis, einkum Kaupþing, sem á þeim tíma var langstærsti viðskiptavinur Nýherja. Fyrirtækið var arðbært fyrstu árin, en undanfarin ár hefur reksturinn verið með miklu tapi og Nýherji varð því að afskrifa viðskiptavild upp á 50 milljónir danskra króna sem færð hafði verið til eignar þegar sýnt var að áætlanir stjórnenda félagsins um bata gengju ekki eftir.

Í Danmörku er einnig fyrirtækið Applicon Solutions, sem hefur skrifað ákveðnar hugbúnaðarlausnir í SAP-kerfinu. Fyrirtækið er lítið, aðeins með um fjóra starfsmenn, en hefur verið rekið með smávægilegum hagnaði undanfarin ár.

Loks ber að segja frá Dansupport A/S sem selt var í desember. Dansupport skilaði hagnaði eins og það hefur gert undanfarin ár, en ekki var samlegð með rekstri þess félags og Nýherja og því einboðið að selja þegar viðunandi tilboð barst.

Applicon AB í Svíþjóð hefur oftast gengið mjög vel en árið 2012 var halli á rekstri. Sá halli náði fram á fyrri hluta árs 2013. Skýringin er að stórt innleiðingarverkefni hjá sænskum banka reyndist viðameira en tilboð gerði ráð fyrir. Verkefnið gekk hins vegar ágætlega að því leyti að

viðskiptavinurinn er ánægður og hefur fengið góða umfjöllun í sænskum fjölmiðlum. Nú er uppgjöri vegna þessa máls lokið og útlit fyrir viðunandi afkomu í Svíþjóð árið 2014.

Ég vék áður að lítilli trú útlendinga á íslenska hagkerfinu. Það er í sjálfu sér ekki gott að glata tiltrú erlendra fjárfesta, en hitt er þó verra þegar Íslendingar sjálfir, og þá sérstaklega ungt fólk, tapa trúnni á eigið hagkerfi til frambúðar. Margt fólk sem býr yfir verðmætri þekkingu kýs heldur að vinna utan landsteinanna en innan, einmitt af þessum sökum. Það gefur lítið fyrir þá trúarkenningu að ekki megi nota aðra mynt en krónu á Íslandi, að því að virðist í því skyni að hægt sé að láta sverfa að almenningi þegar krónan er felld. Einangrun Íslands hefur alltaf orðið þjóðinni til ills og þannig verður það áfram.

Þó margt sé gott á Íslandi verða laun sem fyrirtæki greiða sínum starfmönnum, sem margir hafa kunnáttu sem auðveldlega má nýta víða um heim, að vera samkeppnishæf við það sem gerist í nágrannalöndum.

Háir vextir valda því að Nýherji þarf að greiða meira fyrir sín lán en samkeppnisaðilar á Norðurlöndum og annars staðar. Skuldir félagsins eru líka umfram það sem eðlilegt getur talist og það er forgangsverkefni á yfirstandandi ári að lækka þær. Rétt er að minna enn á að samningar Nýherja um skuldauppgjör við bankana á sínum tíma fólust í þeirri óvenjulegu lausn að félagið borgaði allar sínar skuldir.

Nokkur fyrirtæki í samkeppni við Nýherja ákváðu að heppilegra væri að greiða aðeins hluta þeirra skulda sem þau höfðu stofnað til og fengu tugi milljarða króna afskrifaða.

Í ársreikningnum sem hér liggur fyrir er tap upp á 1.600 milljónir króna, en árið 2012 var 111 milljóna króna hagnaður. Hagnaður innanlands var minni en áætlanir gerðu ráð fyrir, en EBIDTA var þó jákvæð í íslenska rekstrinum alla ársfjórðunga. Hins vegar var talsvert tap af rekstrinum erlendis, eins og rekið hefur verið. Stjórnendur félagsins gera ráð fyrir því að í Svíþjóð verði hagnaður á ný á yfirstandandi ári. Vonandi verður reksturinn í Danmörku seldur bráðlega þannig að þar bætist ekki við tap.

Stór hluti starfseminnar í Applicon í Stokkhólmi felst í föstum verkefnum fyrir banka og önnur fjármálafyrirtæki. Starfsmenn voru um 50 í árslok sem er svipað og árið áður. Ef ekki hefði komið til taps á verkefninu fyrir bankann sem áður er sagt frá, hefði reksturinn verið með ágætum, en aðrar deildir fyrirtækisins gengu vel. Flestir stærstu bankar í Svíþjóð eru meðal viðskiptavina og stór hluti starfsmanna er í föstum verkefnum fyrir bankana sem telja hagstæðara að hafa verktaka í föstum, sérhæfðum verkefnum en stækka sífelld sínar hugbúnaðardeildir.

Applicon á Íslandi gekk ágætlega og í samræmi við áætlanir. Nokkrir ráðgjafar frá Applicon á Íslandi hafa starfað að verkefnum erlendis á liðnu ári.

Um þrjár fjórðu hlutar starfsemi Nýherja eru á Íslandi og líkur á því að sú hlutdeild fari vaxandi. Auk hugbúnaðar-fyrirtækjanna er Nýherji sem kunnugt er með víðtæka þjónustu á sviði tölvu- og tæknibúnaðar. Mörg af stærstu fyrirtækjum landsins eiga mikil viðskipti við félagið. Sem dæmi um þjónustu sem hefur farið mjög vaxandi á undanförunum árum er svonefnd *Rent a Prent* þjónusta þar sem fyrirtæki leigja allan búnað af Nýherja sem sér um reksturinn. Vaxandi eftirspurn er líka eftir sýndar-útstöðvum. Í stuttu máli má segja að þær felist í því að notandinn geti verið í sínu tölvuumhverfi hvar sem er í heiminum og á hvaða tölvu sem vera skal.

Markaðsstarf hefur gengið ágætlega á mörgum sviðum. Má nefna að Lenovo-tölvur og Canon-myndavélar hafa mjög góða hlutdeild á markaði, enda eru þetta miklar gæðavörur á samkeppnishæfu verði.

Breytingar voru gerðar á anddyri félagsins og þar er nú fyrsta flokks kaffihús, sem er óvenjulegt, enda er Nýherji ekkert venjulegt fyrirtæki. Það sést til dæmis á gildum félagsins en ný gildi voru kynnt á fyrri hluta ársins. Nýherji er *fagðjarft* fyrirtæki, *þjónustuframsækið* og öll erum við *samsterk*. Sjálfum finnst mér þessi gildi minnisstæðari en ábyrgð, vinátta og frumleiki, eða ámóta klisjur sem eru einkunnarorð flestra fyrirtækja nú orðið.

Klak hf. sem stofnað var af Nýherja til þess að sjá um ráðgjöf við ýmiss konar sprotastarfsemi, nýsköpun og rannsóknarverkefni var á árinu sameinað Innovit undir nafninu Klak Innovit. Nýherji er ekki lengur leiðandi í

félaginu heldur hluthafi sem styður við þetta merka verkefni.

Nýherji leggur áherslu á skjóta, samræmda og vandaða upplýsingagjöf til fjárfesta í ársfjórðungslegum uppgjörum en á rekstrarárinu 2013 voru þau kynnt innan mánaðar frá uppgjörsmánuði á hverjum fjórðungi nema þeim síðasta. Þá var uppgjör kynnt í lok febrúar. Stjórn félagsins hefur sem fyrr segir hist 16 sinnum á stjórnarfundum á liðnu starfsári, auk annarra funda. Mikil vinna hefur sem fyrr segir verið lögð í að bæta starfshætti stjórnar og stjórnenda. Meðal annars hefur stjórnin nýlega hist á matsfundi fyrir liðið ár þar sem hún taldi að þrátt fyrir kappsamt starf væri árangur félagsins alls ekki í samræmi við væntingar.

Endurskoðendur hafa skilað stjórn skýrslu um það sem betur mætti fara í verklagi við bókhald og fjármál félagsins. Stjórn hefur farið yfir þessa þætti með endurskoðendum og stjórnendum félagsins og hefur hratt og vel bætt úr því sem ábótavant hefur verið. Ársreikningaskrá fer nú einnig yfir ársreikninga og framsetningu þeirra. Reikningurinn sem nú er í höndum hluthafa tekur mið af nokkrum ábendingum frá henni um framsetningu.

Snemmsumars síðastliðið ár hafði Þórður Sverrisson forstjóri samband við mig og sagði mér að hann hefði hug á að hætta störfum hjá Nýherja, en hann tók við forstjóra-stólnum árið 2001. Stjórn var mikill vandi á höndum að ráða nýjan mann hans í stað. Eftir vandlega yfirlegu var það niðurstaða stjórnarinnar að leita til Finns Oddssonar aðstoðarforstjóra. Finnur tókst starfið á hendur og hefur frá

1. september unnið með stjórn að stefnumótun fyrir félagið. Sú vinna stendur enn yfir, en markmiðið er að félagið verði einfaldara, skuldi minna og einbeiti sér að arðbærum rekstri sem fellur að kjarnastarfsemi félagsins.

Nú í febrúar féll einn starfsmaður Nýherja, Reynir Lord, frá. Reynir var minnisstæður öllum þeim viðskiptavinum sem nutu þjónustu hans. Hann hafði góða þekkingu á þörfum fyrirtækja og var góður samstarfsmaður. Hans er sárt saknað.

Á síðasta aðalfundi var Árni Vilhjálmsson endurkjörinn í stjórn, en hann hafði setið stjórn félagsins allt frá upphafi, fyrst sem formaður en svo sem varaformaður. Árni lést skömmu eftir aðalfundinn, en hann veiktist alvarlega sumarið 2012. Á engan er hallað þegar ég segi að ekki væri hægt að hugsa sér betri samstarfsmann en Árna. Hann hafði yfirburðaþekkingu á rekstri og lét okkur oft njóta þeirrar þekkingar. Fyrir kom að hann vitnaði í gamlar greinar í þekktum viðskiptaritum og kæmi svo með þær á næsta fund. Árni var góður félagi, kurteis, glettinn og ráðhollur. Ég ráðfærði mig við hann um öll meiri háttar mál þau ár sem við vorum saman í stjórninni og við töluðum saman oft í mánuði hverjum. Við erum ríkari af því að hafa kynnst slíkum manni.

Ég bið viðstadda að rísa úr sætum til heiðra minningu hinna látnu.

Meðalfjöldi stöðugilda hjá Nýherja og dótturfélögum var 505 árið 2013 sem er 14 færri en árið á undan. Fækkunin varð öll erlendis, en á Íslandi fjölgaði stöðugildum um 18.

Velta félagsins minnkaði um 1.000 milljónir króna sem fyrr er að vikið. Hlutfé í Nýherja er óbreytt að nafnverði, 400 milljónir króna.

Fyrir fundinum liggur hefðbundin tillaga um heimild til stjórnar um að kaupa allt að 10% hlutfjár í félaginu. Þessi tillaga er eins og menn kannast við úr öðrum hlutfélögum.

Fyrir aðalfundi liggur tillaga um heimild stjórnar til aukningar hlutfjár um allt að 150 milljónir króna að nafnverði. Sambærileg heimild var í gildi til þriggja ára frá árinu 2011, en var ekki notuð. Hugmyndin með slíkri heimild er að stjórn hafi möguleika á því að styrkja fjárhagsstöðu félagsins með hlutfjárukningu ef henni sýnist þess þörf, en einnig mætti nota hlutfé sem greiðslu ef keypt yrði annað félag sem félli að rekstri Nýherja. Engin slík áform eru uppi núna, en stjórn hefur rætt þann möguleika að bjóða starfsmönnum til kaups nálægt 10 milljónir að nafnverði. Ekki er um kauprétt að ræða heldur formleg kaup. Einnig kemur að mínu viti til greina að setja á heppilegu augnabliki hlut til sölu á almennum markaði til þess að auka flot á hlutabréfum í félaginu, en lítið framboð hefur verið á þeim að undanfögnu.

Um afkomuna hef ég þegar fjallað. Hún veldur stjórn vonbrigðum. Ég hef oft sagt að af félaginu þyrfti að vera traustur hagnaður eftir skatta. Í ljósi þess að tekið hefur

verið á ýmsum þáttum í rekstrinum eins og þegar er rakið tel ég líklegt að afkoman verði viðunandi á yfirstandandi ári.

Eiginfjárlutfall félagsins lækkaði úr 28% í 11%. Eðlileg krafa er að hlutfallið fari í 25-30%. Þessu markmiði má ná á þessu ári og því næsta með hagnaði af rekstri, sölu eigna og greiðslu skulda.

Stjórn leggur til að ekki verði greiddur arður enda býður afkoman ekki upp á arðgreiðslu.

Starfsmönnum Nýherja þakka ég fyrir vel unnin störf á liðnu ári. Hluthöfum þakka ég einnig áhuga á félaginu. Stjórnarmönnum þakka ég fyrir gott samstarf. Þórði Sverrissyni fyrrverandi forstjóra þakka ég áralöng góð kynni og samstarf. Jafnframt býð ég Finn Oddsson velkominn til starfa og þakka honum góð kynni og hans framlag.

Góðir hluthafar. Ég held að með því starfi sem nú er unnið að í félaginu sé lagður grunnur að nýju blómaskeiði Nýherja. Ég hlakka til að fást við þau verkefni á komandi ári.